

Hreyfiafl til góðra verka

Siðareglur birgja

Júní, 2020

Efnisyfirlit

1. Inngangur	3
2. Umhverfismál	4
3. Félagslegir þættir	4
4. Stjórnarhættir	4

1. Inngangur

Siðareglur þessar fyrir birgja eru settar af Framkvæmdastjórn með stoð í sjálfbærnistefnu Íslandsbanka sem stjórn bankans hefur sett. Í sjálfbærnistefnunni kemur fram að bankinn hefur ákveðið að styðja sérstaklega við fjögur af heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna:

- #4 Menntun fyrir alla,
- #5 Jafnrétti kynjanna,
- #9 Nýsköpun og uppbygging og
- #13 Aðgerðir í loftslagsmálum.

Bankinn vill haga innkaupum sínum þannig að þau styðji sjálfbærnistefnu bankans með því meðal annars að:

- tryggja fylgni við lög og reglur þar sem bankinn starfar,
- veita forystu á sviði góðra stjórnarháttá, viðskiptasiðferðis og sjálfbærni,
- veita haghöfum upplýsingar um markmið bankans og auka vitund birgja um umhverfismál, félagslega þætti og stjórnarhætti (UFS) og nýta sér þar til gerðar leiðbeiningar¹.

Við innkaup á vörum og þjónustu skal gæta hagkvæmni, jafnræðis og gagnsæis. Í reglunum eru gerðar kröfur um að vörur og þjónusta sem bankinn kaupir uppfylli kröfur hans um gæði og þarfir hverju sinni. Auk þess eru gerðar ákveðnar kröfur til einstakra birgja. Við stærri innkaup leitast bankinn við að gera verðkannanir eða leitar tilboða. Til stærri innkaupa bankans teljast einstök kaup á vörum og þjónustu yfir 50 m.kr. (með VSK) eða jafnhá skuldbinding á gildistíma samnings.

Við mat á hagkvæmni tilboða skal, auk fjárhagslegra viðmiða, þjónustuþátta og öryggisþátta ef það á við, taka mið af sjálfbærniáherslum bankans. Ákvæði um innkaup, sem fram koma í fyrrnefndri sjálfbærnistefnu, eiga við um öll innkaup bankans. Innkaupadeild hefur yfirumsjón með ráðgjöf og þjónustu vegna innkaupa nema annað sé sérstaklega ákveðið um einstaka samninga.

Neðangreind atriði eiga við um samningsbundin innkaup bankans yfir 50 m.kr. (með VSK) á ársgrundvelli og ef fleiri en 50 árleg stöðugildi eru að meðaltali hjá birginum. Hinsvegar vill bankinn hvetja alla birgja og samstarfsaðila til að kynna sér og tileinka sér þessar siðareglur í sinni starfsemi og birta upplýsingar þess efnis á opinberum vettvangi s.s. í árlegri sjálfbærnisráðgjöf.

Ef framkvæmd er verðkönnun fyrir kaup á vöru eða þjónustu skal þátttakendum verðkönnunar kynnt fyrirfram vægi þeirra þátta sem hafðir eru til hliðsjónar s.s. verð, gæði, þjónusta, öryggi og UFS viðmið. Bankinn getur metið kröfur til birgja þannig að víkja megi frá þeim ef veigamikil atriði mæla fyrir því og þá skal það rökstutt sérstaklega.

Markmiðið með siðareglum fyrir birgja er að í sameiningu geti Íslandsbanki og birgjar hans verið hreyfiafl til góðra verka og vill bankinn eiga víðtækt samstarf um innleiðingu á þessum siðareglum yfir næstu 2-3 ár.

¹ https://samfelagsabyrgd.is/assets/2020/02/esg-guide-icelandic-translation_cs-lokautgafa.pdf

2. Umhverfismál

1. Kolefnisspor.
 - Birgjar mæli kolefnisspor sitt og upplýsi um þær aðferðir sem þeir hyggjast beita til minnkunar og jöfnunar á sporinu.
2. Sorpflokkun og endurvinnsla.
 - Birgjar afhendi sorp til endurvinnslustöðva sem er flokkað eftir þeim viðmiðum og reglum sem viðeigandi endurvinnslustöðvar vinna eftir hverju sinni.

3. Félagslegir þættir

1. Birgjar leggi áherslu á fylgni við lög, reglur og alþjóðlega samninga um vernd mannréttinda.
 - Bankinn vill ekki eiga viðskipti við aðila sem stunda mannréttindabrot, s.s. þrælkun, barnavinnu, mismunun á grundvelli kyns, trúar eða kynþáttar eða brot gegn kjarasamningum. Bankinn vill ekki eiga viðskipti tengd við hverskonar mútur eða spillingu.
 - Bankinn fer fram á að birgjar staðfesti fylgni sína við þessi markmið og að þær vörur sem bankinn kaupir af þeim uppfylli sömu markmið.
2. Eigi lög um jafnlaunavottun við birgja er gerð krafa um að þeir uppfylli þá lagaskyldu.
 - Eigi það ekki við, eru birgjar hvattir til að setja sér jafnlaunastefnu og markmið þess efnis.
3. Eigi lög um kynjahlutfall í stjórn við birgja er gerð krafa um að þeir uppfylli þá lagaskyldu.
 - Eigi það ekki við, eru birgjar hvattir til að jafna kynjahlutfall innan stjórnar.
4. Bankinn hvetur til þess að birgjar stefni að 40% kynjahlutfalli í stjórnendalagi.

4. Stjórnarhættir

1. Birgjar setji sér siðareglur og birti opinberlega.
2. Birgjar setji sér sjálfbærnistefnu og birta hana opinberlega.
3. Birgjar upplýsi opinberlega um ofangreind atriði og greina frá árangri þess efnis í árlegri sjálfbærnisráslu.